

Á næstu síðum eru orðaspjöld til að nota með fjórum mismunandi fyrirmælum í „goggum“. Tillögur að fyrirmælum til að setja inn í hvern gogg eru hér fyrir neðan og er reynt að sníða þau að hverjum flokki. Annars er um að gera að láta hugmyndaflugið ráða og finna fyrirmæli sem hvetja nemandann til tjáningar og umræðu og búa til fleiri spjöld og önnur fyrirmæli. Þessi vinna getur bæði verið tengd námsefni /þema eða verið blanda úr ýmsum áttum. Anna Guðrún Júlíusdóttir var með þessa hugmynd á námskeiðum okkar um *samræðu til náms* í Reykjavík og Brekkuskóla í febrúar.

Goggur 1 - lýsingarorð

Fyrirmæli í goggi: skrifaðu orðið – finndu orð sem byrjar á sama staf – stafaðu orðið – hvarð merkir orðið – finndu orð sem rímar – búðu til setningu með orðinu – finndu andheiti – hvernig er orðið í fleirtölu

Goggur 2 – nafnorð


Fyrirmæli í goggi: Finndu samheiti – finndu orð sem byrjar á sama staf – teiknaðu orðið – finndu orð sem byrjar á síðasta stafnum í orðinu – stafaðu orðið – hvað merkir orðið – skrifaðu orðið – finndu rímorð

Goggur 3 – starfsheiti

Fyrirmæli í goggi: Hvað gerir þessi maður í vinnunni - teiknaðu starfið – er þessi vinna inni eða úti – er þetta skemmtileg vinna ... hvers vegna - leiktu starfið – stafaðu orðið – finndu orð sem byrjar á sama staf

Goggur 4 – kynjaheiti dýra

Fyrirmæli í goggi: Hvað heitir kvenkyn (mamma) dýrsins – hvað heitir afkvæmi dýrsins (barn) – teiknaðu dýrið – lýstu dýrinu – finndu orð sem byrjar á staf númer 2 í nafni dýrsins - getur þú fundið nafn á dýrið – stafaðu nafnið – búðu til setningu með nafni dýrsins.



þungur	langur
víður	mjór
breiður	glaður
heitur	súr
svangur	síður
góður	vitur
hvítur	þykkur
ljótur	harður

finger	drengur
stormur	bál
myrkur	birta
stúlka	jökull
vegur	bratti
vangi	grjót
tjörn	bifreið
tröll	klaki

kennari	smiður
læknir	kokkur
prestur	leikari
múrari	lögregla
söngvari	bakari
ritari	þjálfari
málari	veðurfræðingur
sjómaður	fréttamaður

hestur	naut
hundur	hrútur
högni	hafur
hani	hvalur
